



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn, 28. júní, 2007

Ákvörðun nr. 32/2007

## **Beiðni Símans hf. um breytingu á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005**

### **I.**

#### **Erindi Símans hf.**

Með erindi, dags. 5. maí 2006, leitaði Síminn hf. (Síminn), eftir því að Samkeppniseftirlitið breytti stjórnarsetuskilyrði ákvörðunnar samkeppnisráðs nr. 10/2005, *Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.* Samkvæmt þeirri ákvörðun gerðu samkeppnisráð annars vegar og Landssími Íslands hf. (Síminn) og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hins vegar með sér sátt um að aðilar málsins hlýttu ákveðnum skilyrðum fyrir samruna fyrirtækjanna. Sáttin var þó gerð með almennum fyrirvara Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins þess efnis að samrunamáli Og fjarskipta hf. og 365 - ljósvakamiðla ehf. myndi ljúka með setningu hliðstæðra skilyrða um stjórnarsetu og Síminn og Íslenska sjónvarpsfélagið undirgengust. Sáttin var sett í formi ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005.

Í 3. tl. ákvörðunarorðs ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005 er að finna þann hluta sem erindi Símans beinist að. Er hann svohljóðandi:

*„Eftir 1. júlí 2006 skulu stjórnarmenn, forstjóri og framkvæmdastjórar Landssíma Íslands hf. ekki sitja í stjórn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Jafnframt skulu aðrir starfsmenn Landssíma Íslands hf. ekki koma að daglegum störfum fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Á sama hátt skulu stjórnarmenn, forstjóri og framkvæmdastjórar Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. eftir 1. júlí 2006 ekki sitja í stjórn Landssíma Íslands hf. Jafnframt skulu aðrir starfsmenn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. ekki koma að daglegum störfum fyrir Landssíma Íslands hf.“*

Samrunamáli Og fjarskipta og 365 - ljósvakamiðla lauk með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005. Ákvörðunarorð sem fjallar um stjórnarsetu fyrirtækja tengdum þeim samruna er svohljóðandi, sbr. 3. tl. ákvörðunarorðsins:

*„Fyrir 1. janúar 2006 verður stofnað sérstakt móðurfélag 365 ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf. Sérstök stjórn skal skipuð yfir hvert hinna þriggja félaga, móðurfélagið, 365 ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipti hf. Að hámarki verður einum stjórnarmanni eða*



forstjóra móðurfélagsins heimilt að sitja jafnframt í stjórn dótturfélaganna, 365 ljósvakamiðla ehf. og Og fjarskipta hf., á hverjum tíma.

Með þeirri undantekningu sem felst í síðasta málslið 3. töluliðar þessara skilyrða skulu hvorki stjórnarmenn, forstjóri né framkvæmdastjórar 365 ljósvakamiðla ehf. sitja í stjórn móðurfélagsins eða Og fjarskipta hf. Aðrir starfsmenn 365 ljósvakamiðla ehf. en að framan greinir skulu ekki koma að daglegum störfum fyrir Og fjarskipta hf. Á sama hátt og með sömu undantekningu og að framan greinir skulu hvorki stjórnarmenn, forstjóri né framkvæmdastjórar Og fjarskipta hf. sitja í stjórn móðurfélagsins eða 365 ljósvakamiðla ehf. Aðrir starfsmenn Og fjarskipta hf. en að framan greinir skulu ekki koma að daglegum störfum fyrir 365 ljósvakamiðla ehf."

Samkvæmt erindinu kvartar Síminn undan því ósamræmi sem er á milli ofangreindra ákvæða ákvörðunar nr. 12/2005 annars vegar og ákvörðunar nr. 10/2005 hins vegar. Að mati Símans verður ekki séð að málefnaleg rök liggi að baki hinum ólíku stjórnarsetuskilyrðum. Með vísan til þessa fer Síminn þess á leit að Samkeppniseftirlitið breyti stjórnarsetuskilyrði 3. tl. ákvörðunar nr. 10/2005 til samræmis við þau stjórnarsetuskilyrði sem sett eru í ákvörðun nr. 12/2005.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Í 1. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er fjallað um markmið laganna. Þar kemur fram að lögin hafi það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þessu markmiði skuli náð með því að:

- a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
- b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
- c. auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.

Skilyrðunum sem voru sett fyrir samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins var ætlað að leiða til þess að markmið samkeppnislaganna væri uppfyllt. Þannig átti að eyða neikvæðu samkeppnislegu áhrifunum sem samruninn hefði geta haft í för með sér á markaðnum.

Að athuguðu máli er það mat Samkeppniseftirlitsins að markmiði samkeppnislaganna verði náð þrátt fyrir breytingu á 3. tl. ákvörðunarorðs ákvörðunar nr. 10/2005 til samræmis við 3. tl. ákvörðunarorðs ákvörðunar nr. 12/2005, þannig að forstjóra eða einum framkvæmdastjóra Símans verði heimilt að sitja í stjórn Íslenska sjónvarpsfélagsins. Jafnframt telur Samkeppniseftirlitið að það hafi ekki í för með sér skerðingu á aðgengi keppinauta að viðkomandi



mörkuðum umfram það sem þegar leiddi af þeim samruna sem samþykktur var með skilyrðum í ofangreindri ákvörðun samkeppnisráðs. Ennfremur hefur sú breyting ekki áhrif á markmið ákvörðunar nr. 10/2005 um að aðgangur keppnauta að mörkuðum verði auðveldari en ella.

Að ofangreindu virtu fellst Samkeppniseftirlitið á beiðni Símans um að breyta ákvörðunarorði 3. tl. ákvörðunar nr. 10/2005 til samræmis við ákvörðun nr. 12/2005.

### **III.**

#### **Ákvörðunarorð**

**3. tl. ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 10/2005 er breytt og skal hann vera svohljóðandi:**

- 1. Að hámarki verður einum stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða forstjóra Símans hf. heimilt að sitja jafnframt í stjórn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á hverjum tíma. Aðrir starfsmenn Símans hf. skulu ekki koma að daglegum störfum fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið hf.**
- 2. Stjórnarmenn, með þeirri undantekningu er fram kemur í lið 1. að ofan, forstjóri og framkvæmdastjórar Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skulu ekki sitja í stjórn Símans hf. Jafnframt skulu aðrir starfsmenn Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. ekki koma að daglegum störfum fyrir Símann hf.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson